

Foreldrafélag Glerárskóla

14. Febrúar 2017

Fundur var settur kl 20:00

Mættir: Brynja, Rákel, Vilborg, Alma, Atli og Theódóra

1. Fyrsta mál á dagskrá var að ræða foreldraröltið.

Ákveðið var að hrinda því í framkvæmt strax í næstu viku þar sem 1. bekkur byrjar svo tekur 2. bekkur vikuna þar á eftir og svo koll af kolli.

Theódóra var búin að skrifa kynningarbréf til foreldra sem var yfirfarið á fundinum og síðan sent út.

Búið var að hafa til möppu undir skýrslur sem foreldrar munu fylla út og setja í möppu sem verður í kassa ásamt vestum í íþróttahúsinu í Glerárskóla. Þar munu foreldrar hittast í upphafi foreldrarölsins hverju sinni og koma sér saman um hvert þeir ætla að ganga.

Ákveðið var að hafa skráninguna frekar frjálsglega og setja það í hendur bekkjarráða að auglýsa röltið til foreldra og óska eftir sjálfbóðaliðum þá viku sem þeirra bekkur á.

Brynja tók það að sér að senda vikuskipulag og kynningarbréfið til bekkjarráða og óska eftir samvinnu þeirra.

2. Næsti fundur er áætlaður þegar nær dregur vori til að skipuleggja vorhátíðina, en ekki er búið að ákveða dagsetninguna fyrir þann fund.

Kl. 21:00 var fundi slitið

Rákel Ósk Jensdóttir, ritari.